

# Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXIII. árgangur.

3. hefti.

1993

Þriðjudaginn 6. júlí 1993.

Nr. 429/1992. **Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**

gegn

**Björgvin Richter**

og gagnsök.

Læknaráð.

## Úrskurður Hæstaréttar.

Dómarar í máli þessu eru Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 3. desember 1992, en af hálfu gagnáfrýjanda var gagnáfrýjað 14. sama mánaðar.

Aðaláfrýjandi krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 4.555.592 krónur, með vöxtum frá 24. febrúar 1991 til greiðsludags. Til vara krefst hann lægri fjárhæðar ásamt vöxtum. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi varð fyrir slysi 24. febrúar 1991, er bifreið var ekið aftan á bifreið hans. Atli Þór Ólason, dr. med., sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum, mat örorku gagnáfrýjanda 31. janúar 1992, og segir meðal annars svo í mati læknisins:

„...Við áreksturinn hlaut hann talsverðan hnykk á háls og efri hluta brjóstbaks og hefur síðan haft óþægindi, sem jukust í maí og júní, er hann fór að vinna aftur erfiðisvinnu eftir skólanám. Ekki hefur komið fram neitt, er bendir til áverka á bein- eða taugavef.

Hins vegar er gert ráð fyrir, að hann hafi hlotið tognun á mjúka vefi í hálsi og efri hluta brjóstbaks. Hugsanlegt er, að þessi óþægindi verði viðvarandi og muni áfram skerða starfsgetu hans. ... Slasaði kvartar í dag um óþægindi neðst í hálsi svo og í brjósthygg. Líklegt er, að þessi óþægindi verði viðvarandi og muni draga úr starfsgetu hans. Varanleg örorka vegna háls og baksins er í heild metin 10%.“

Við fyrirtöku málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur 30. september 1992 lét héraðsdómari, Allan Vagn Magnússon, bóka eftirfarandi: „Dómari kynnti lögmonnum, að hann hygðist fá sérfróða meðdómsmenn til starfa. Talsmaður stefnda kveðst í ljósi þessa ekki telja þörf á að leggja málið fyrir lækna ráð að svo stöddu.“ Til meðdómendastarfa voru kvaddir dr. Ásgeir B. Ellertsson læknir og Þór Guðmundsson viðskiptafræðingur. Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp 23. nóvember 1992.

Með bréfi til Hæstaréttar 29. apríl 1993 fór aðaláfrýjandi, stefndi í héraði, þess á leit við réttinn, að málið yrði lagt fyrir lækna ráð og umsagnar óskað um tiltekin atriði. Í greinargerð gagnáfrýjanda 7. maí 1993 var þessari beiðni mótmælt. Þau andmæli voru áréttuð við fyrirtöku málsins í Hæstarétti 2. júní 1993, og var ágreiningur málsaðila um þetta þá tekinn til úrskurðar.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta þykir rétt með vísun til 1. og 2. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 6. gr. laga nr. 14/1942 um lækna ráð að æskja þess, að lækna ráð láti uppi rökstutt álit á eftirfarandi:

1. Telur lækna ráð, að tímabært hafi verið að meta örorku gagnáfrýjanda 31. janúar 1992 vegna þess slyss, er hann varð fyrir 24. febrúar 1991?

2. Ef svo er, fellst lækna ráð þá á örorkumat Atla Þórs Ólasonar, dr. med.?

3. Ef ekki, hverja telur lækna ráð þá tímabundna og varanlega örorku gagnáfrýjanda vegna slyssins?

#### Á l y k t a r o r ð:

Lækna ráð láti í té umsögn samkvæmt framangreindu.